

Reifun á úrskurði 5/2020 Virðisaukaskattur á listaverki

M kærðir til úrskurðar ákvörðun Tollstjóra um að leggja virðisaukaskatt á innflutning S á listaverki. Kærandi gerði kröfu um endurgreiðslu álagðra gjalda

Niðurstaða: Til þess að listaverk geti fallið undir gjaldfrelsi við innflutning samkvæmt ákvæðum ofangreindra tollalaga og laga um virðisaukaskatt þarf verkið annarsvegar að falla undir áður tilgreind tollskrárnúmer og hins vegar að verkið sé flutt inn af listamanninum sjálfum.

Umrætt listaverk féll undir tollskrárnúmerið 9703.0000 og uppfyllti því annað skilyrðið. Verkið var hins vegar flutt inn af S, sem skráðum innflytjanda á aðflutningsskýrslu. Verkið er því ekki flutt inn af listamanninum sjálfum og uppfyllir því ekki skilyrði 4. tl. 1. mgr. 36. gr. laga um virðisaukaskatt. Ennfremur var seljandi verksins þriðji aðili, þ.e. umboðsmaður listamannsins, en ekki listamaðurinn sjálfur.